

Leiðbeiningar fyrir GARVAN G-3000 – 230 V/ 12 V GASSKYNJARA með sjálfsprófun



ALMENNAR UPPLÝSINGAR: Skynjarinn er ætlaður til að finna gasleka af ýmsum tegundum gass. Er ætlaður til notkunar á heimilum, í húsbílum og bátum, á þeim svæðum, þar sem gasleki gæti átt sér stað.

STAÐSETNING: Við skynjun eftir propangasi skal staðsetja skynjarann í u.þ.b. 20sm. hæð frá gólfi, innan 4m fjarlægðar frá gastækinu. Til frekari skýringar: Propan Gas er þyngra en loft og fellur þess vegna niður. Það dreifir sér líkt og vatn, leitar að lægsta punkti og getur legið í pollum.

UPPSETNING: Setjið upp á þurrum stað og þar sem best gæti heyrst í bjöllumni við aðvörun. Rennið veggfestingunni af skynjaranum og festið á vegg, rennið síðan skynjaranum aftur á.

TENGING: Þrjú ljós eru á skynjaranum; grænt, rautt og gult. Grænt ljós logar við notkun, rautt ljós og væla koma við viðvörun og gult við bilun eða afstillingu. Straumbreytirinn skal tengdur við 220V/50Hz. og straumkapall tengdur í skrúfur á baki skynjarans, eða tengja 12V beint í skrúfur á baki skynjaran

UPPHITUNARTÍMI: Meðan skynjarinn hitar sig upp þá er hann í nokkrar sekúndur. Ef skynjarinn er tekinn úr sambandi og síðan settur aftur í samband þarf hann smá upphitunartíma og á meðan þá er hann í honum. Á meðan á því stendur logar rautt og grænt ljós, þegar hann er tilbúinn og er þá virkur sýnir hann grænt ljós.

PRÓFUN: Græna ljósið sýnir að skynjarinn er í sambandi við rafmagn. Til að prófa hann enn frekar, notið þá gaskveikjara sem þið kveikið á, án logans, nálægt skynjaranum. Þá logar rauða ljósið og aðvörunarhljóð heyrir, sem deyr út fljótlega eftir að lokað er fyrir gasstreymi frá kveikjaranum. Skynjarinn er með innbyggða sjálfsprófun.

UMHIRÐA: Takið skynjara úr sambandi. Þurrkið rykið af skynjaranum með afþurrkunarklút eða rökum klút. Ef mikið ryk hefur safnast fyrir, blásið því út eða ryksugið burt í gegn um ristarnar. Aldrei má hella vatni á skynjarann því þá skemmist hann. Opnið alls ekki skynjarann.

ALMENNAR UPPLÝSINGAR: Þar sem skynjarinn er mjög næmur getur hann gefið ótímabæra viðvörun frá öðrum lofttegundum, eins og t.d. hárlakki og slíkum úðunarefnum, jafnvel miklum tóbaksreyk.

Ef óbrennt gas safnast saman fer viðvörun af stað. Opnið alla glugga og hurðir strax. Forðist neista og kveikið ekki á neinu rafmagnstæki né rofa. Slökkvið strax á gastækjum, s.s. gasofni og slíku, notið ekki rafmagnstæki ss. eldavél, ísskáp, ljós, dyrasíma eða farsíma og kæfið opinn eld. Gangið úr skugga um að allir yfirgefi húsið strax.

Reynið að komast að ástæðum viðvörunarinnar og finnið orsökina. Setjið bilað tæki strax í viðgerð.

HITAMÖRK: Hitamörk: -10°C til 40°C.